

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er sett á grundvelli laga nr. 81/1991, með síðari breytingum nr. 149/1995 og 143/2000, og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

#### 1. gr.

Vatnsgjald er 0,25 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði.

#### 2. gr.

Aukavatnsgjald skal vera 9,56 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

#### 3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 11. gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar. Arleg leiga fyrir mæli skal vera um 20% af kostnaðarverði mælisins. Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Heimæð	kr.
32 mm og minni	1.900
40 mm	2.800
50 mm	3.700
63 mm	4.400
75 mm	14.000
90 mm	16.000
110 mm	19.000

#### 4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar samkvæmt lögum nr. 149/1995 um breytingu á lögum nr. 81/1991. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

<i>Þvermál inntaks</i>	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
<i>Fastagjald kr.</i>	45.000	60.000	75.000	90.000	105.000	120.000
<i>Gjald per metra kr.</i>	500	600	700	800	900	1.000

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

#### *Aukakostnaður:*

Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 2.500 kr/m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs.

5. gr.

Liðir undir greinum 2, 3 og 4 skulu hækka í samræmi við byggingarvísitölu um hver áramót.

Miða skal við byggingarvísitölu 1. desember 2000 en hún var 245,8 stig.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 16. janúar 2001.

*Búðardal, 17. janúar 2001.*

**Einar Mathiesen** sveitarstjóri.